

REGLUR

um doktorsnám við verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands.

1. gr.

Um námið. Markmið.

Á verkfræði- og náttúruvísindasviði er unnt að leggja stund á doktorsnám í þeim kennslugreinum sem tilgreindar eru í XIV. kafla reglna nr. 569/2009 um Háskóla Íslands.

Hægt er að stunda doktorsnám í öllum deildum sviðsins á fagsviðum þar sem viðkomandi deild og verkfræði- og náttúruvísindasvið metur að nauðsynleg aðstaða og sérþekking sé fyrir hendi.

Markmið doktorsnáms er að veita nemendum viðtæka og trausta rannsóknahjálfun og gera þá færa um að stunda sjálfstæð vísindastörf. Hver deild setur hæfniviðmið um doktorsnám innan þeirra greina sem tilheyra henni.

Í reglum þessum er kveðið á um sameiginlegan ramma doktorsnáms á verkfræði- og náttúruvísindasviði en nánari útfærslu á ýmsum atriðum er að finna í námsskipunarreglum einstakra greina.

Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands hefur umsjón með og fylgir eftir settum viðmiðum og kröfum um gæði framhaldsnáms við Háskóla Íslands, sbr. 18. gr. reglna þessara og 66. gr. reglna Háskóla Íslands nr. 569/2009. Standa ber skil á upplýsingum og gögnum sem Miðstöðin kallar eftir.

2. gr.

Inntökuskilyrði.

Til að innritast í doktorsnám við deild (hér eftir kölluð deildin) á verkfræði- og náttúruvísindasviði (hér eftir kallað sviðið) skal nemandi hafa lokið viðurkenndu meistaraþrófi á fagsviðinu sem doktorsnámið skal byggjast á eða hafa annars konar meistaraþráðu á tengdu fagsviði. Meistaraþráða sem leggja skal til grundvallar doktorsnámi verður að vera veitt af viðurkenndum háskóla.

Leyfa má uppfærslu nemanda úr meistaránámi í náttúruvísindum í doktorsnám með samþykki viðkomandi deildar, hafi nemandinn ekki varið meistaraþrófsritgerð sína og ef ekki eru liðin meira en tvö ár frá innritun hans til meistaránáms, miðað við nám í fullu starfi. Nemandinn skal, í samráði við umsjónarkennara sinn, sækja um slíka uppfærslu eins og hefðbundið doktorsnám skv. 6. gr. Nánar er kveðið á um einingafjölda og undirbúning í 11. gr.

Þegar um sameiginlega doktorsþráðu á milli Háskóla Íslands og annars háskóla eða stofnunar er að ræða skal hafa samráð við sviðsstjóra kennslusviðs um gerð samnings um námið.

3. gr.

Umsóknarfrestur.

Umsóknarfrestur um doktorsnám við deildina er sá sami og Háskóli Íslands setur um framhaldsnám.

4. gr.

Framhaldsnámsnefnd deildar.

Framhaldsnámsnefnd deildar er valin af deildarráði. Framhaldsnámsnefnd stýrir ferli umsókna um doktorsnám innan deildarinnar og situr fulltrúi hennar í framhaldsnámsnefnd sviðsins.

5. gr.

Framhaldsnámsnefnd verkfræði- og náttúruvísindasviðs.

Á sviðinu starfar framhaldsnámsnefnd. Í nefndinni skulu eiga sæti formenn framhaldsnámsnefnda deilda og að auki forseti fræðasviðs sem er jafnframt formaður nefndarinnar. Sviðsforseta er heimilt að skipa annan nefndarmann sem formann í sinn stað. Framhaldsnámsnefnd fræðasviðs hefur það hlutverk að fylgjast með því að hæfilegs samræmis sé gætt í doktorsnámi á fræðasviðinu og annast samskipti við Miðstöð framhaldsnáms. Formaður framhaldsnámsnefndar eða verkefnisstjóri framhaldsnáms í umboði hans er tengiliður sviðsins við Miðstöð framhaldsnáms.

6. gr.

Meðferð umsókna.

Ferli umsókna um doktorsnám við deildina er eftirfarandi:

- a) Sótt er um inngöngu í doktorsnám á rafrænum eyðublöðum nemendaskrár Háskóla Íslands sem aðgengileg eru á vef skólans eða hjá skrifstofu sviðsins. Umsókn um doktorsnám skal fylgja stutt greinargerð um áhugasvið og væntingar til námsins. Liggi fyrir drög að umsókn til sjóða sem fjármagna eiga námið skulu þau fylgja umsókn.
- b) Skrifstofa sviðsins fær frumgögn umsóknar metin samkvæmt reglum Háskóla Íslands til að staðfesta uppruna þeirra, meta gildi prófskrifteina og námsgráða og staðfesta að gögn umsækjanda uppfylli formkröfur.
- c) Skrifstofan sendir mat frumgagna og afrit umsóknar og gagna til framhaldsnámsnefndar deildar.
- d) Framhaldsnámsnefnd stingur upp á umsjónarkennara samkvæmt ósk umsækjanda eða sem hæfir áhugasviði umsækjanda. Nefndin, í samráði við deildarráð, sendir umsóknina til umsjónarkennara.
- e) Umsjónarkennari metur umsóknina og samþykkir eða hafnar að taka að sér umsjón nemandans. Umsjónarkennari sendir niðurstöðu sína til framhaldsnámsnefndar ásamt umsögn sinni um umsóknina.
- f) Framhaldsnámsnefnd deildar samþykkir eða synjar umsókn almennt byggt á umsögn umsjónarkennara. Framhaldsnámsnefnd getur hafnað umsókn sem umsjónarkennari hefur mælt með ef mikilvægar ástæður liggja að baki, svo sem fjárhagsástæður og ef námið samrýmist ekki stefnu eða markmiðum deildar. Deildarforseti samþykkir eða hafnar umsóknum formlega fyrir hönd deildar og framhaldsnámsnefnd sendir niðurstöðuna til skrifstofu sviðsins. Skrifstofa sviðsins fær samþykki framhaldsnámsnefndar sviðsins fyrir öllum samþykktum umsóknum um doktorsnám.
- g) Skrifstofan tilkynnir umsækjanda niðurstöðu bréflaga.
- h) Afgreiðslu umsóknar, sem berst fyrir umsóknarfrest, skal lokið innan þeirra tímamarka sem reglur Háskóla Íslands segja til um. Afgreiðsla umsóknar skal skráð í rafrænt kerfi nemendaskrár um leið og hún liggur fyrir.
- i) Nemandi, sem deild hefur samþykkt í doktorsnám, skal skrá sig hjá nemendaskrá og ganga frá greiðslu skrásetningargjalds komandi háskólaárs. Nemandi þarf síðan að skrá sig árlegri skráningu í mars/apríl ár hvert fyrir komandi háskólaár og greiða skrásetningargjald. Skráning og greiðsla skrásetningargjalds er forsenda þess að nám geti hafist eða haldið áfram.

7. gr.

Umsjónarkennari og leiðbeinandi.

Sérhver doktorsnemi skal frá upphafi náms hafa umsjónarkennara. Umsjónarkennari verður að samþykkja skipulag námsins, val námskeiða og leiðbeinanda. Umsjónarkennarinn leiðbeinir nemandanum um hvers konar atriði og reglur sem tengjast náminu.

Leiðbeinandi annast faglega leiðsögn doktorsnema í rannsóknum. Umsjónarkennari og leiðbeinandi eru að jafnaði sami einstaklingurinn. Deild getur þó heimilað nemanda að hafa utanaðkomandi leiðbeinanda sem uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru í þessum reglum til leiðbeinanda.

8. gr.

Kröfur til umsjónarkennara og leiðbeinanda.

Umsjónarkennari skal ávallt vera akademískur starfsmaður í föstu starfi við deild og hafa lokið doktorsprófi á viðkomandi fræðasviði.

Leiðbeinandi nemanda í doktorsnámi skal ávallt vera viðurkenndur sérfræðingur með doktorspróf á viðkomandi fræðasviði og hafa birt ritsmíðar um eigin rannsóknir í ritrýndum alþjóðlegum tímaritum.

Rannsóknarverkefni nemandans skal vera á fræðasviði leiðbeinandans.

9. gr.

Doktorsnefnd.

Fyrir lok fyrsta misseris skal deildarráð hafa skipað doktorsnefnd að fengnum tillögum umsjónarkennara og leiðbeinanda. Þegar samþykki aðila doktorsnefndar liggur fyrir sendir skrifstofa sviðsins þeim skipunarbréf og varðveitir afrit.

Doktorsnefnd skal skipuð að minnsta kosti þremur sérfróðum einstaklingum. Meirihluti nefndarmanna skal hafa doktorspróf.

Umsjónarkennarinn situr ávallt í doktorsnefnd og er formaður nefndarinnar.

Í þeim tilvikum sem umsjónarkennari er ekki leiðbeinandi skal leiðbeinandi einnig sitja í doktorsnefnd.

Að minnsta kosti einn nefndarmanna skal starfa utan viðkomandi deildar Háskóla Íslands.

Ef atkvæði falla jafnt í nefndinni ræður atkvæði formanns nefndarinnar.

Doktorsnefnd kveður doktorsnemann á sinn fund eftir því sem þurfa þykir meðan á náminu stendur, fylgist með framvindu námsins og leiðbeinir nemandanum eftir þörfum.

10. gr.

Námsáætlun.

Nemandi skal í samráði við umsjónarkennara og leiðbeinanda leggja fram námsáætlun fyrir lok fyrsta misseris í doktorsnámi. Námsáætlunin lýsir áætluðu vali námskeiða og skiptingu þeirra á milli Háskóla Íslands og annarra viðurkenndra háskóla. Námsáætlunin skal innihalda rannsóknaráætlun.

Námsáætlunin þarf að hljóta samþykki doktorsnefndar.

Samþykkt námsáætlun er lögð fyrir framhaldsnámsnefnd deildar til staðfestingar. Ef nefndin hefur athugasemdir við námsáætlunina fer hún aftur til umsjónarkennara og nemanda til endurskoðunar.

Ágreiningi um námsáætlun má skjóta til deildarráðs.

Þegar umsjónarkennari og framhaldsnámsnefnd deildar hafa samþykkt áætlunina og Miðstöð framhaldsnáms staðfest hana skilar umsjónarkennari henni til skrifstofu sviðsins sem varðveitir hana, ásamt því að tilkynna nemandanum bréflaga um samþykktina.

Nemandi, í samráði við doktorsnefnd, endurskoðar námsáætlun árlega. Miðstöð framhaldsnáms staðfestir breytingar á námsáætlun.

11. gr.

Tímalengd náms og einingafjöldi.

Doktorsnám að loknu meistaraprófi skal jafngilda þriggja ára námi í fullu starfi hið minnsta.

Doktorsnám í verkfræði skiptist í 180 eininga rannsóknarverkefni og að minnsta kosti 30 eininga námskeiðshluta. Í náttúruvísindum skal rannsóknarverkefnið vera 180 einingar. Einingar, sem nemandi fær fyrir námskeið, bætast við einingafjölda doktorsnámsins.

Fyrir nemanda, sem hefur innritast í doktorsnám í náttúruvísindum grundvallað á uppfærslu-ákvæði 2. gr., skal doktorsnámið jafngilda 240 einingum, þ.e. vera jafngilt fjögurra ára námi í fullu starfi hið minnsta. Í þessu tilfelli bætast 60 einingar við námskeiðshluta doktorsnámsins.

Hámarksfjöldi eininga í lesnámskeiðum í umsjón leiðbeinanda er 12 einingar.

Doktorsneminn skal að lágmarki hafa eins árs viðveru við Háskóla Íslands við rannsóknarvinnu.

Við brautskráningu skal nemandinn sýna fram á að hann hafi verið skráður í nám og greitt skrásetningargjald allan námstímann, eða samkvæmt nánari reglum sem Háskóli Íslands kann að setja.

Hámarksnámstími er tíu misseri frá því stúdent var skráður í hefðbundið doktorsnám en tólf misseri frá skráningu í doktorsnám sem er uppfærsla úr meistaránámi. Undir sérstökum kringumstæðum er hægt að sækja um framlengingu á hámarksnámstíma til framhaldsnámsnefndar sviðsins. Ekki má framlengja hámarksnámstíma um meira en tvö ár.

12. gr.

Kröfur um námskeið.

Námskeið skulu vera á doktors- eða meistarastigi og við Háskóla Íslands eða aðra viðurkennda rannsóknarháskóla.

Öllum námskeiðum skal ljúka með viðeigandi námsmati í samræmi við skilgreinda námsáætlun. Lágmarkseinkunn fyrir námskeið tekin við Háskóla Íslands, sem meta skal til doktorsprófs, er 6,0. Námskeiðum, sem tekin eru við viðurkennda háskóla aðra en Háskóla Íslands, skal ljúka í samræmi við kröfur þess skóla.

Almennt er ekki heimilt að nota námskeið úr grunnnámi (BS-námi) sem hluta doktorsnáms (námskeið við HÍ sem merkt eru G og M). Þverfræðilegar rannsóknir geta þó leitt til þess að grunnnámskeið úr öðrum deildum teljist nauðsynlegur hluti námsins. Mest geta 8 einingar af slíkum nauðsynlegum grunnnámskeiðum talist til doktorsprófs.

13. gr.

Kröfur um undanfara.

Ef nemandi er með doktorsnámi sínu að skipta um fagsvið, sbr. 1. gr., getur vantað mikilvæga þætti úr grunnnámi. Bætast þá nauðsynlegir undanfarar við námskeiðshluta námsins. Umsjónarkennari gerir tillögu að umfangi og innihaldi undanfaranna sem verða að hljóta samþykki framhaldsnámsnefndar deildar. Gera skal grein fyrir undanföllum í námsáætlun, sbr. 10. gr.

14. gr.

Námsmat.

Nemandinn skal prófaður að minnsta kosti einu sinni á námstímanum í almennri fræðilegri þekkingu á meginfræðasviðum tengdu sérsviði rannsóknarverkefnisins. Framkvæmd slíks prófs er á ábyrgð framhaldsnámsnefndar viðkomandi deildar og skal það fara fram á fyrri hluta námstímans. Staðfestingu á að nemandinn hafi staðist slíkt próf ber að skila til skrifstofu sviðsins. Standist nemandinn ekki prófið ákveður framhaldsnámsnefnd deildar hvort nemandanum verður gert að hætta námi. Hægt er að leyfa nemanda að þreyta prófið öðru sinni og skal það þá gerast innan tveggja mánaða. Ákvörðun skal rökstudd skriflega ef nemanda er gert að hætta námi eða er gert að taka próf aftur. Skrifstofan varðveitir niðurstöðuna. Nemandinn verður einnig að kynna rannsóknarverkefni sitt opinberlega við Háskóla Íslands um miðbik námsins.

Deildir geta sett sér ítarlegri reglur um framkvæmd námsmats.

Þegar rannsóknarverkefni er lokið að mati doktorsnemanda og umsjónarkennara afhendir nemandinn fullbúin drög ritgerðar til doktorsnefndarinnar. Jafnframt skal leggja fram til doktorsnefndar staðfest yfirlit um námsferil nemandans, auk yfirlits frá nemendaskrá um greiðslu skrásetningargjalda öll þau ár sem nám hefur verið stundað.

Doktorsnefnd metur ritgerðina og verkefnið. Ef doktorsnefnd metur ritgerðina vanbúna er ritgerðin send aftur til nemandans með athugasemdum um úrbætur. Ef ritgerðin er metin fullbúin skilar doktorsnefndin álit til framhaldsnámsnefndar deildar um að gefa skuli doktorsefni kost á að leggja fram ritgerð sína til doktorsvarnar. Skrifstofa sviðsins tryggir að reglum þessum og reglum Háskóla Íslands sé framfylgt. Ef svo er staðfestir framhaldsnámsnefnd, í samráði við deildarráð, ritgerðina til varnar.

Rannsóknarverkefni til doktorsprófs lýkur með því að nemandi leggur fram ritgerð og heldur um hana opinberan fyrirlestur, doktorsvörn. Ritgerð skal metin af andmælendum.

15. gr.

Andmælendur.

Þegar fyrir liggur að doktorsnefnd og framhaldsnámsnefnd deildar, í samráði við deildarráð, hafa samþykkt ritgerð til doktorsvarnar gerir doktorsnefnd, að fenginni umsögn Miðstöðvar framhaldsnáms, tillögu til deildarráðs um tvo andmælendur við doktorsvörn.

Andmælendurnir skulu vera óháðir aðilar sem ekki eiga sæti í doktorsnefndinni og eru sérfræðingar á viðkomandi fræðasviði. Að minnsta kosti annar andmælendanna skal vera frá viðurkenndri rannsóknarstofnun annarri en Háskóla Íslands. Almennt skal leitast við að aðili frá viðurkenndri erlendri rannsóknarstofnun þjóni sem andmælendi við doktorsvörn.

Deildarráð tilnefnir andmælendur formlega. Þegar samþykki andmælenda hefur fengist fyrir starfínu sendir skrifstofa sviðsins þeim skipunarbréf og varðveitir afrit.

Ritgerð skal dæmd og varin samkvæmt reglum Háskóla Íslands um doktorspróf.

Um andmælendur við doktorsvörn gilda ákvæði reglna fyrir Háskóla Íslands.

16. gr.

Skil og frágangur doktorsritgerðar.

Doktorsritgerð, sem samþykkt hefur verið sem fullbúin af doktorsnefnd og fengið staðfestingu framhaldsnámsnefndar deildar, skal leggja fram fyrir andmælendur eigi síðar en sex vikum fyrir áætlaða doktorsvörn.

Verk til doktorsprófs getur verið hvort sem er í formi heildstæðrar ritgerðar eða safns greina sem hafa birst eða verið sendar til birtingar í ritrýndum alþjóðlegum tímaritum. Ritgerð, sem byggist á greinasafni, skal ávallt innihalda ítarlegt yfirlit og samantekt á verkinu.

Doktorsritgerð við deildina skal fylgja sniðmáti sviðsins fyrir doktorsritgerðir.

Doktorsefni ber ábyrgð á prentun og útgáfu ritgerðar og annast lögbundin skil á henni til Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Rafrænt eintak ber að vista í gagnasafni Skemmu sem safnið rekur. Skrifstofa sviðsins veitir nánari leiðbeiningar um frágang ritgerða, fjölda eintaka, kostnað vegna þeirra, skil til Háskólabókasafns og samþykkir einnig lokafrágang ritgerðar.

17. gr.

Lærdómstitill.

Doktorspróf veitir rétt til lærdómstitilsins *philosophiae doctor* og notkunar skammstöfunarinnar Ph.D.

18. gr.

Miðstöð framhaldsnáms.

Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands hefur umsjón með og fylgir eftir settum viðmiðum og kröfum um gæði framhaldsnáms við Háskóla Íslands. Deildir háskólans bera faglega ábyrgð á framhaldsnámi við skólann. Miðstöð framhaldsnáms hefur heildaryfirsýn yfir framhaldsnámið og starfar náið með háskóladeildum, gæðanefnd háskólaráðs og sameiginlegri stjórnarsýslu. Miðstöðin er vettvangur samráðs og samvinnu um námið innan háskólans og tengiliður við samstarfsaðila innan lands og utan.

Miðstöð framhaldsnáms hefur eftirlit með því að deildir fylgi almennum reglum um inntökukröfur, inntökufurli, inntökupróf fyrir doktorsnema ef því er að skipta, námsframvindu og dagsetningar sem standast verður til að nemendur geti lokið framhaldsnámi. Miðstöðin fylgist jafnframt með því að nemendur í framhaldsnámi séu ávallt skráðir við háskólann á meðan á námi stendur, annast skráningu niðurstaðna deilda vegna umsókna um framhaldsnám, námsáætlana fyrir rannsóknartengt meistaranám og breytinga á þeim og skráir og staðfestir námsáætlanir fyrir doktorsnám og breytingar á þeim, sbr. nánar í 66. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands.

19. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar í samræmi við 47. og 68.-69. gr. reglna nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands og með heimild í lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla. Reglurnar hafa verið samþykktar af deildum verkfræði- og náttúruvísindasviðs og stjórn fræðasviðsins og Miðstöð framhaldsnáms, sbr. 66. og 69. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Reglur þessar öðlast gildi 1. júlí 2011 og falla þá jafnframt úr gildi reglur verkfræðideildar Háskóla Íslands um doktorsnám nr. 19/2002. Reglur raunvísindadeildar Háskóla Íslands um rannsóknánám nr. 315/2003 halda gildi sínu, að því marki sem þær taka til meistaranáms.

Háskóla Íslands, 22. júní 2011.

Kristín Ingólfssdóttir.

Þórður Kristinnsson.